



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 8. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Þriðjudagur 5.12.2013 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM)
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Jón Grímsson (JG)
Höskuldur Höskuldsson (HH)
- Boðuð forföll:** Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
- Fjarverandi:**
Fundarritari: HRS

Helstu mál: Fundargerð síðasta fundar, Erindi frá Ásgrími H. Einarssyni, ECC 2014, Afreksstefna KLÍ, önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við síðustu fundargerð og er hún samþykkt.

2. Erindi frá Ásgrími H. Einarssyni (AHE):

ÞMP lagði fram erindi frá AHE þar sem hann leggur til að stofnuð verði nefnd sem skoðar hvort og þá hvernig breyta má leikfyrirkomulagi í deildarkeppni liða. Samþykkt að ÞMP sendi fyrirspurn á formenn aðildarfélaganna KLÍ og óskar eftir að félögin útnefni aðila frá sínu félagi til að taka þátt í þessu verkefni. AHE býður sig fram til að stýra þessu verkefni.

3. ECC2014:

ÞMP kynnti samning milli KLÍ og Keiluhallarinnar um Evrópumót einstaklinga 12-19 okt. 2014 og sagði frá undirbúningi fyrir það mót. Valgeir Guðbjartsson hefur tekið að sér mótstjórn og vinnur að undirbúningi ásamt JG og ÞMP. ÞMP óskar eftir því við stjórnarmenn að þeir geri ráð fyrir að geta unnið við undirbúning og framkvæmd mótsins þegar þar að kemur.

4. Afreksstefna KLÍ:

ÞMP kynnti drög að afreksstefnu KLÍ og sagði frá fundi með landsliðsnefnd um afreksstefnuna þann 4. des sl. Afreksstefnan er nauðsynleg til að KLÍ geti sótt í afrekssjóði ÍSí. Drögin eru til skoðunar í dropboxi KLÍ og óskar ÞMP eftir því að stjórnarmenn kynni sér þau.

4. Önnur mál:

Árshátíð KLÍ: Ljóst er að breyting verður á árshátíð KLÍ þar sem salurinn er bókaður undir brúðkaup og skoða þarf með annan dag eða annan sal og mun ÞMP vinna í lausn á þessu máli áfram.

Landsliðsmál: Landsliðsnefnd hefur borist uppsagnarbréf Herði Inga Jóhannssyni þar sem hann segir sig frá þjálfun karlalandsliðsins og er unnið að lausn þessa máls hjá landsliðsnefnd. Rætt var um stöðu landsliðshópana og hvaða kostir væru í boði í þjálfaramálum.

Fundi slitið 19:15 – til næsta fundar verður boðað síðar.